

## AUGLÝSING

### um staðfestingu forsetaúrskurðar um breytingu um stundarsakir á forsetaúrskurði frá 31. desember 2010, um skiptingu starfa ráðherra.

FORSETI ÍSLANDS hefur, samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, og reglugerðar nr. 177/2007, um Stjórnarráð Íslands, gefið út svohljóðandi úrskurð um breytingu um stundarsakir á forsetaúrskurði um skiptingu starfa ráðherra, sbr. auglýsingu nr. 168 frá 31. desember 2010:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra er hér með gerð sú breyting á forsetaúrskurði sbr. auglýsingu nr. 168 frá 31. desember 2010, um skiptingu starfa ráðherra, að Svandís Svavarsdóttir fer með mennta- og menningarmálaráðuneytið, með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, og reglugerðar nr. 177/2007, um Stjórnarráð Íslands, um stundarsakir meðan fæðingarorlof Katrínar Jakobsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra varir.

*Forsætisráðuneytinu, 31. maí 2011.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Ragnhildur Arnljótsdóttir.*

\_\_\_\_\_  
A-deild – Útgáfud.: 31. maí 2011